

# STJÓRNARTÍÐINDI B 49 — 1981

Nr. 573.

940

8. september 1981.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981:

Fiskmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma (skilagengi).

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

Nr. 574.

20. ágúst 1981.

## REGLUGERÐ

**um breytingar á reglugerð nr. 126 22. febrúar 1979 um vegabréf utanríkisráðuneytisins.**

1. gr.

20. töluliður 4. gr. orðist þannig:

Makar og börn þeirra, sem taldir eru hér að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

2. gr.

19. töluliður 5. gr. orðist þannig:

Makar og börn þeirra, sem taldir eru hér að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

3. gr.

Aftan við 3. mgr. 7. gr. komi ný málsgrein, er orðist þannig:

Ráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 20. tl. 4. gr. og 19. tl. 5. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.